

## Áætlun um varnir og viðbrögð gegn einelti, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni og eða ofbeldi í Fífusölum

Markmið með áætluninni er að gera starfsmenn Fífusala meðvitaða um einelti, áreitni og ofbeldi í allri sinni mynd þannig að þeir þekki einkennin, geti komið í veg fyrir eða brugðist við þeim. Einelti, áreitni og ofbeldi skal aldrei líðast í Fífusölum og starfsfólki ber skylda til að bregðast við verði þau vitna af slíku.

### Skilgreining hugtaka

Í Fífusölum er stuðst við eftirtaldar skilgreiningar á hugtökum:

Einelti er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann. Gerendur og þolendur í einelti geta verið einn eða fleiri. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknað og/eða líkamleg.

Kynferðisleg áreitni getur birst sem:

- Dónalegir brandarar
- Kynferðislegar athugasemdir
- Augnagotur eða gláp
- Óviðeigandi snerting
- Óvelkomin samskipti á samfélagsmiðli

Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynbundið ofbeldi er þegar ofbeldi sem á grundvelli kyns leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Kynferðislegt ofbeldi er þegar brotið er gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Líkamlegt ofbeldi er þegar líkamlegu afli er beitt gegn öðrum einstaklingi, hvort sem líkamlegur skaði hlýst af eða ekki. Líkamlegt ofbeldi er líka þegar haldið er aftur af líkamlegum þörfum viðkomandi.

Andlegt ofbeldi er sú tegund ofbeldis sem er án líkamlegrar snertingar og felst í miklu niðurrífi á einstaklingnum og hans persónu, lífllækkun, hótunum, hundsun eða að kalla illum nöfnum.

## Forvarnir

Einelti, áreitni og ofbeldi fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkja. Starfsfólk þarf að tileinka sér jákvætt viðhorf, vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.

Mikilvægt er að allt starfsfólk leggi sömu merkingu í orðin einelti, kynferðislegt eða kynbundið áreitni og ofbeldi og opin umræða sé um þessi mál. Allir geta átt það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti, áreitni eða ofbeldi á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur.

Til að sporna gegn einelti, áreitni eða ofbeldi er mikilvægt að:

- Kynna stefnu og viðbragðsáætlunin á hverju ári og þegar nýtt starfsfólk hefur störf.
- Umræða og fræðsla um einelti, áreitni, ofbeldi og samskipti sé stöðugt í gangi en þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.
- Gera athuganir um samskipti innan starfsmannahópsins, starfsmannasamtöl einu sinni eða oftár yfir árið, viðhorfskönnun annað hvert ár.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis, áreitni og ofbeldis.
- Vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra.
- Styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina.

Einelti og ofbeldi getur einnig verið til staðar meðal barna. Ábyrgð starfsfólks er mikil. Börn þurfa að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og fá viðurkenningu frá hinum fullorðna um að það sé eðlilegt að ræða þær.

Til að sporna við einelti, áreitni eða ofbeldi meðal barna þarf að:

- Gera athuganir um samskipti og líðan barna.
- Skoða félagsleg tengsl í barnahópnum.
- Styrkja sjálfsmynd barnanna, æfa þau í samskiptum, að tjá tilfinningar sínar og að setja sig í spor annarra.
- Börnin eru þátttakendur í að búa til samskiptareglur og skilgreina hvað þær þýða, hlutverk þeirra og gildi.
- Lífsleikninám – þar sem að unnið er með lífsgildi, dyggðir og samlíðan.
- Vinna með vináttuverkefni Barnaheilla - Blær
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

## Viðbrögð

Starfsmaður sem telur sig hafa orðið fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustað eða hefur rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustaðnum ber skylda til að koma á framfæri kvörtun eða ábendingu. Starfsmanni ber að bregðast við því, með því að veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til rétttra aðila svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu. Starfsmenn eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltis, áreitnis - eða ofbeldismála.

Starfsmenn geta komið kvörtunum eða ábendingum til stjórnenda, trúnaðarmanna eða skráð málið á [atvik.is](http://atvik.is) en það er aðgerðarhnappur á netinu á torgi Kópavogsbæjar.

### Tengiliðir í Fífusölum 2023-2024

Öryggistrúnaðarmaður: Carmen Valencia

Heilsuþóði: Inga Sif Gísladóttir

Trúnaðarmaður FL: Guðbjörg Lilja Svansdóttir

Trúnaðarmaður SFK: Herdís Matthildur Heiðarsdóttir

Meta/greina þarf hvers eðlis málið er í samvinnu við hlutaðeigandi starfsmann/menn, öryggistrúnaðarmann, trúnaðarmann viðkomandi stéttarfélags og skólastjóra. Hluteigandi starfsmenn eiga þess kost að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Einungis er rætt við einn aðila máls í einu. Leita skal aðstoðar utanaðkomandi aðila eftir því sem við á.

Skrá skal allt það sem kemur fram á fundum eða viðtölum og skulu þau gögn geymd í öruggri vörslu hjá skólastjóra eða þeim sem fer með málið.

Skoða þarf vel í ljósi alvarleika máls hvort þurfi að færa starfsmann/menn til, setja í önnur verkefni eða senda í leyfi á meðan á rannsókn málsins stendur og eða eftir að niðurstöður hafa komið í ljós. Meta þarf einnig árangur þess inngrips sem nýtt hefur verið.

Upplýsingaskylda er mikilvæg til þeirra er málið varðar. Nauðsynlegt er að gæta sérstaklega að persónuverndarsjónarmiðum, persónuvernd og hagsmuna allra aðila þegar og ef málið er upplýst á stærri vettvangi s.s í starfsmannahópnum, til foreldra eða annarra sem málið varðar.

## Effirfylgni

- Mikilvægt er að meta mál að loknum aðgerðum með hlutaðeigendum og skoða hvernig til hefur tekist.
- Stjórnandi fylgist með líðan og félagslegri stöðu þolanda og geranda á vinnustað og veitir þeim viðeigandi stuðning
- Meta þarf þörf á að gera nýtt áhættumat.
- Skoða hvort árangur hafi verið jákvæður eða hvort þörf sé á almennum aðgerðum á vinnustaðnum.

- Meta þarf hvort upplýsa þurfi fleiri aðila en þá sem að málinu komu t.d. allan starfsmannahópinn eða hluta hans.
- Að máli loknu er mikilvægt að upplýsa alla þá aðila sem hafa vitneskju um málið eða hafa komið að málinu.

## Aðgerðaáætlanir

Einelti, ofbeldi og áreitni á sér ýmsa birtingarmyndir. Aðgerðaáætlun þarf að aðlaga að hverju tilfelli fyrir sig en hægt er að notast við eftirtalda verkferla

### Starfsmaður/starfsmaður

1. Starfsmaður sem telur að einelti, áreitni eða ofbeldi sé í gangi gagnvart sér eða öðrum, ræðir við skólastjóra, deildarstjóra, trúnaðarmann, öryggistrúnaðarmann, leikskólafulltrúa/ráðgjafa eða skráir það á atvik.is sem vísar máli til teymis Kópavogsbæjar.
2. Sé skólastjóri ekki sá sem rætt var við er næsta skref að ræða við hann.
3. skólastjóri / eða annar aðili sem tekur málið að sér ræðir við þolanda og kannar málið.
4. skólastjóri / eða sá aðili sem tekur málið að sér ræðir við geranda í samráði við þolanda.
5. Metið er hvort utanaðkomandi aðstoð er fengin.
6. Málið er tekið upp með þeim sem málið varðar eða í starfsmannahópnum, eða hluta hans, með samþykki þolanda og vitund geranda.
7. Sé þolandi ekki samþykkur því að málið sé tekið upp persónulega, ræðir skólastjóri almennt um samskipti í starfsmannahópnum.
8. Málinu er fylgt eftir á fundi með viðkomandi að 2-3 vikum liðnum eða fyrir ef nauðsynlegt er.

### Barn/starfsmaður

1. Starfsmaður sem telur að einelti, áreitni eða ofbeldi eigi sér stað, ræðir við skólastjóra, deildarstjóra eða leikskólafulltrúa/ráðgjafa.
2. Upplýsingum er safnað saman og málið skoðað frá öllum hliðum.
3. Haldinn er deildarfundur þar sem rætt er um meint einelti/ofbeldi.
4. Ef þörf er á, er fengin utanaðkomandi fagleg aðstoð við að skoða og finna lausnir í málinu.
5. Ef þörf er á er rætt við foreldra og þess gætt að tala um erfiðleika í samskiptum en nota ekki orðið einelti.
6. Aðgerðir í leikskóla og heimili eru samræmdar.
7. Málinu er fylgt eftir með því að ræða það skoða aðstæður og taka málið upp á deildarfundum að 2-3 vikum liðnum eða fyrir ef þörf er á.

### **Barn/barn**

1. Starfsmaður eða foreldri sem telur að einelti, áreitni eða ofbeldi eigi sér stað, ræðir við skólastjóra, deildarstjóra eða leikskólafulltrúa/ráðgjafa.
2. Upplýsingum er safnað saman og málið skoðað frá öllum hliðum.
3. Haldinn er deildarfundur þar sem rætt er um meint einelti, áreitni eða ofbeldi.
4. Rætt er við foreldra og þess gætt að tala um erfiðleika í samskiptum en nota ekki orðið einelti.
5. Aðgerðir í leikskóla og heimili eru samræmdar.
6. Deildarstjórar og aðrir starfsmenn eru upplýstir, ef þörf þykir, um hvaða aðgerðir hafa verið ákveðnar.
7. Beri aðgerðir ekki árangur er kvaddur til utanaðkomandi fagaðili.
8. Málinu er fylgt eftir á fundi með viðkomandi að 2-3 vikum liðnum eða fyrr ef nauðsynlegt er. að 2-3 vikum liðnum eða fyrr ef nauðsynlegt er.

### **Starfsmaður/barn**

1. Starfsmaður eða foreldri sem telur að einelti, áreitni eða ofbeldi eigi sér stað, ræðir við skólastjóra, deildarstjóra eða leikskólafulltrúa/ráðgjafa.
2. Upplýsingum er safnað saman og málið skoðað frá öllum hliðum.
3. Deildarstjóri eða leikskólalastjóri ræðir við geranda og þolanda hvorn fyrir sig.
4. Ef þörf er á, er fengin utanaðkomandi fagleg aðstoð við að skoða og leysa málið.
5. Þeir er málið varðar eru upplýstir um framvindu mála.
6. Málinu er fylgt eftir á fundi með viðkomandi að 2-3 vikum liðnum eða fyrr ef nauðsynlegt er.

*Uppfært í janúar 2024*

*Margrét Róbertsdóttir .*

*Aðstoðarleikskólalastjóri*